

Rafnar Hermannsson
Frostfilm
Skiopholti 50d
105 Reykjavík

Reykjavík, 11. október 2023
UST202309-268/S.V.
09.04.00

Efni: Leyfi fyrir ljósmynda- eða kvikmyndatöku á friðlýstum svæðum

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Rafnars Hermannssonar, f.h. Electric Robin/Amzon Prime, dagsett, 25. október 2023 fyrir kvikmyndatöku innan friðlýstra svæða við Gullfoss, Strokk/Geysi, Kleifarvatn, Seltún og innan Þjóðgarðsins á Þingvöllum

Geysir er friðlýstur sem náttúruvætti sbr. [auglýsingu nr. 660/2020](#). Allar framkvæmdir innan náttúruvættisins eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og sveitarfélagsins Bláskógabyggðar, sbr. skipulagslög nr. 123/2010 og lög nr. 160/2010 um mannvirki. Allt rask á jarðminjum er óheimilt, þ.m.t. hvers konar áletranir og rask á virkni og vatnsstöðu hverasvæðisins, rask á hverahrúðri, hverum, jarðvegi og steinum, nema að fengnu leyfi. Óheimilt er að lenda þyrlum og öðrum mönnum loftföllum innan svæðisins nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Flug fjarstýrðra loftfara er óheimilt yfir svæðinu nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Gullfoss er friðlýstur sem friðland sbr. [auglýsing nr. 141/1979](#). Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf og skemma jarðmyndanir nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Samkvæmt [stjórnunar- og verndaráætlun](#) friðlandsins er flug ómannaðra loftfara óheimilt á svæðinu nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Reykjanesfólkvangur er friðlýstur sem fólkvangur sbr. [auglýsing nr. 520/1975](#). Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum er ekki í umsjón Umhverfisstofnunar og var umsækjanda bent á, með tölvupósti 10. þ.m., að sækja um leyfi fyrir þeirri myndatöku til Þingvallabjörgarðs

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Umhverfisstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvikmyndagerðar, ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til kvikmyndatöku með drónum við náttúruvættið Geysi, nánar tiltekið við Strokk, innan friðlandsins við Gullfoss, við Kleifarvatn og Seltún sem eru innan Reykjanesfólkvangs og innan Þjóðgarðsins á Þingvöllum. Áætlað er að vera við Gullfoss og Geysi 14. október, og að tókur taki samtals um klukkustund á hvorum stað, og í einn dag við

Kleifarvatn og Seltún á tímabilinu 15. – 17. október 2023. Tökulið verður á einum bíl við Gullfoss og Geysi, bílnum lagt á merktum bílastæðum og tökulið verður fótgangandi á merktum stígum. Á Reykjanesi er áætlað að starfsmenn verkefnisins verði á fimm bílum sem verður lagt á bílastæði nærri tókustað og mun tökulið ganga frá bílastæði að tókustað með búnað. Hvorki er sótt um leyfi til utanvega aksturs né gert ráð fyrir jarðraski að nokkru tagi, á neinum staðanna. Tökur verða með dróna, Mavic Pro 3, á öllum stöðum og að auki með kvikmyndavél á þrífæti innan Reykjanesfólkvangs. Umsókninni fylgdu kort af hverjum stað fyrir sig og lýsing á verkefnunum.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á nátturufar og verndargildi svæðanna sé farið eftir skilyrðum leyfisins. Svæðin eru vinsæl ferðamanna og/eða útivistarsvæði og verkefnið því líklegt til að hafa áhrif á gesti svæðanna á meðan það fer fram. Stofnunin metur þó að hægt sé að draga úr neikvæðum áhrifum verkefnisins á meðan það fer fram á ásýnd svæðis og gesti sé farið eftir skilyrðum leyfisins. Óheimilt er með öllu að raska hveramyndunum og náttúru svæðanna.

Skilyrði:

Þar sem áætlað er að ekki verði um neitt jarðrask að ræða við tölur innan Reykjanesfólkvangs, metur Umhverfisstofnun út frá upplýsingum umsækjanda og þeim reglum sem gilda um Reykjanesfólkvang sbr. auglýsingu um friðlýsingu að verkefnið sé ekki leyfisskipt af hálfu stofnunarinnar. Starfsfólki verkefnisins er þó bent á haga tókum þannig að þær valdi sem minnstri truflun annarra gesta sem kunna að vera á svæðunum á sama tíma.

Umhverfisstofnun veitir Rafnari Hermannssyni, f.h. Electric Robin/Amzon Prime, fyrir sitt leyti leyfi til kvikmyndatöku með dróna innan Gullfoss- og Geysissvæðanna sbr. lýsingu hér að ofan /og að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Einungis skal gengið eftir merktum göngustígum og óheimilt er að fara inn á lokuð svæði.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Koma skal fyrir merkingum á tókustað um að leyfi fyrir verkefninu hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð athafnasvæðis kvikmyndatökuliðsins skal haldið í lágmarki.
- Vanda skal við frágang eftir að verki lýkur.

- Ef upp koma álitamál um framkvæmd verkefnisins og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Afmá skal öll ummerki verkefnisins á svæðinu að því loknu.
- Vanda skal frágang eftir að verki lýkur. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, um leið afmá skal öll ummerki kvikmyndatökunnar.
- Kvikmyndatökuliðið skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að tókurnar valdi eins litlu ónæði og hægt er. Færri gestir heimsækja svæðið snemma morguns og síðdegis.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Allur akstur utan vega er óheimill.
- Starfsmenn verkefnisins skulu ganga snyrtilega um svæðið og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Tökur skulu fara fram utan varptíma fugla.

Drónaflug vegna kvikmyndatöku

- Stjórnandi drónans skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að flugið valdi eins litlu ónæði og hægt er. Færri gestir heimsækja svæðið snemma morguns og síðdegis.
- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki og það skal fara fram utan þess tíma sem flestir gestir eru á svæðinu.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ef loftfarið brotlendir eða bilar skal ábyrgðarmaður þess sjá til þess að allir hlutar þess verði fjarlægðir.
- **Af öryggisástæðum er óheimilt að fljúga ómönnuðu loftfari undir 50 m yfir Strokki.**
- Af öryggisástæðum skal sá sem stjórnar ómönnuðu loftfari klæðast merktum fatnaði svo hægt sé að auðkenna viðkomandi.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 990/2017

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Umhverfisstofnun bendir á að drónar sem notaðir eru í atvinnuskyni þarf að skrá sérstaklega hjá Samgöngustofu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýrtruðu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir, kvikmyndagerðar og/eða myndatöku er kr. **76.000**. sbr. 29. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 206/2023.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með verkefninu. Eftirlitið verður framkvæmt af landverði frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

René Biasone
svæðissérfræðingur

Sigrún Valgarðsdóttir
sérfræðingur